

2149. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 10. júlí 2014 á Laugardalsvelli og hófst kl. 16.00

---

Mættir: Geir Þorsteinsson, Gylfi Þór Orrason, Gísli Gíslason, Jóhannes Ólafsson, Ragnhildur Skúladóttir, Róbert Agnarsson, Rúnar Arnarson, Vignir Már Þormóðsson, Ingvar Guðjónsson, Jóhann Torfason og Þórarinn Gunnarsson.

Þórir Hákonarson framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Forföll: Guðrún Inga Sívertsen.

Þetta var gjört:

---

## Dagskrá:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

### 2. Mótamál

- Íslandsmót 2014. Formaður mótanefndar greindi frá gangi mála á Íslandsmóti 2014 en mótahaldið gengur vel eftir nokkuð rask í byrjun vegna vallaraðstæðna. 10 umferðum er lokið í Pepsi-deild karla og 8 umferðum í Pepsi-deild kvenna, önnur mót ganga skv. áætlun.
- Borgunarbikarinn. Dregið hefur verið í undanúrslit Borgunarbikar karla og kvenna. Í Borgunarbikar kvenna leika til undanúrslita Fylkir og Selfoss annars vegar og Breiðablik og Stjarnan hins vegar. Leikirnir fara fram 24. og 25. júlí. Í Borgunarbikar karla leika til undanúrslita Keflavík og Víkingur annars vegar og ÍBV og KR hins vegar. Þeir leikir fara fram 30. og 31. júlí.
- Evrópukeppni félagsliða. Íslensku liðin í undankeppni Evrópudeildarinnar hafa leikið fyrri leik sinn í fyrstu umferð. FH sigraði Glenyon 3-0 í Kaplakrika, Stjarnan vann Bangor 4-0 á Samsung velli en Fram tapaði 0-1 fyrir JK Nömme Kaiju á Laugardalsvelli. Síðari leikir liðanna fara fram í dag. KR leikur gegn Celtic á KR-velli í fyrri leik liðanna í undankeppni Meistaradeildarinnar þriðjudaginn 15. júlí n.k.

### 3. Mannvirkjamál

- Vallarleyfi. Nokkrir vellir hafa ekki enn vallarleyfi en undanþágur voru veittir á vellina fyrr á árinu að því gefnu að vellirnir uppfylltu tiltekin skilyrði innan ákveðins tíma. Stjórn KSÍ samþykkir að framlengja undanþágur á eftirfarandi velli til loka keppnistímabils:

Hásteinsvöllur Athugasemdir: Blaðamannaaðstaða, girðing umhverfis völl.

Þórsvöllur Athugasemdir: Þak á stúku

Torfnesvöllur Athugasemdir: Girðing við völl, hreinlætisaðstaða o.fl.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að senda félögum erindi vegna þeirra athugasemda sem gerðar eru.

### 4. Dómaramál

- Dómaraskipti. Ensku dómararnir, Daniel Cook og Lee Swabey, verða að störfum hér á landi á næstu dögum en þeir eru hér sem hluti af verkefni knattspyrnusambanda Íslands og Englands um dómaraskipti. Þeir munu dæma leiki í 1. deild karla sem og verða aðstoðardómarar á leik í Pepsi-deild karla. Föstudaginn 11. júlí mun Lee dæma leik KA og Selfoss og Daniel leik Grindavíkur og Tindastóls en báðir þessir leikir eru í 1. deild karla. Sunnudaginn 13. júlí verða þeir aðstoðardómarar á leik ÍBV og Fjölnis í Pepsi-deild karla. Þriðjudaginn 15. júlí dæmir Daniel svo leik HK og BÍ/Bolungarvíkur og Lee verður við stjórnvölinn á leik Þróttar og KV í 1. deild karla.

## 5. A landslið karla

- Miðasala á undankeppni EM 2016. Stjórn KSÍ samþykkir eftirfarandi miðaverð fyrir leiki í undankeppni EM 2016:

Einstakir leikir	Leikdagur	Forsöluverð
Svæði I	6.000 kr.	5.500 kr.
Svæði II	4.000 kr.	3.500 kr.
Svæði III	3.000 kr.	2.500 kr.
Allir leikir í keppninni Áskriftarmiði		
	Verð áskriftar	
Svæði I	25.000 kr.	
Svæði II	15.000 kr.	
Svæði III	10.000 kr.	

Hægt verður að kaupa miða í áskrift sem gildir á alla heimaleiki Íslands í keppninni og mun sala hefjast í byrjun ágúst.

## 6. A landslið kvenna

- Undankeppni HM 2015.  
Næsti leikur í undankeppninni er gegn Danmörku á Laugardalsvelli 21. ágúst n.k

## 7. Yngri landslið

- U17 kvenna – Norðurlandamót. Liðið tapaði öllum sínum leikjum á mótinu, 0-3 gegn Svíþjóð, 1-3 gegn Englandi, 0-6 gegn Hollandi og 2-3 gegn Finnlandi.
- U17 karla – Norðurlandamót. Liðið leikur í riðli með Englandi, Svíþjóð og Finnlandi en leikið verður dagana 28. júlí til 1. ágúst.

## 8. FIFA

- HM í Brasilíu. Þýskaland og Argentína leika til úrslita á HM þann 13. júlí nk.

## 9. Önnur mál

- Mál FH gegn KSÍ í Héraðsdómi Reykjavíkur. Knattspyrnudeild FH hefur höfðað mál gegn Knattspyrnusambandi Íslands fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur um málefni sem varðar reglugerð KSÍ um aðgönguskírteini. Af því tilefni er nauðsynlegt að minna á staðfestingu FH á þátttökutilkynningu í mót á vegum KSÍ, sem undirrituð var af formanni deildarinnar, Jóni Rúnari Halldórssyni. Í staðfestingunni segir: „Við undirritaðir staðfestum þátttökutilkynningu þessa og höfum kynnt okkur innihald hennar. Jafnframt staðfestum við að félagið hefur kynnt sér og mun virða lög, reglugerðir og ákvarðanir KSÍ, m. a. að ágreiningur sem upp kann að koma milli aðila innan hreyfingarinnar verði til lykta leiddur innan hreyfingarinnar eins og fram kemur í grein 39 í lögum KSÍ og grein 44 í leyfisreglugerð KSÍ. Þá staðfestum við einnig að félaginu beri að sjá til þess að leikmenn og aðrir félagsmenn virði lög, reglugerðir og ákvarðanir KSÍ.“

Stjórn KSÍ telur það alvarlegt mál þegar eitt aðildarfélag sambandsins gengur gegn lögum KSÍ. Með því er ljóst að FH er ekki að standa við þá staðfestingu sem formaður knattspyrnudeildar undirritaði um að ágreiningur aðila á milli skuli leystur innan hreyfingarinnar.

Það er ósk stjórnar KSÍ að FH falli frá málshöfðun sinni og virði þannig undirritaða staðfestingu félagsins á þátttökutilkynningu í mót á vegum KSÍ. Formanni og framkvæmdastjóra falið að senda erindi þessa efnis á knattspyrnudeild FH.



- „Ekki tapa þér“ – Markaðsherferð KSÍ. FIFA fjármagnar markaðsherferð KSÍ, „Ekki tapa þér“ sem hefur það að markmiði koma þeim skilaboðum á framfæri að fólk hagi sér betur á fótboltavöllum og mótum, að jákvæð hegðun allra geri leikinn skemmtilegri og að oft á tíðum eru börn að leik þar sem hegðun áhorfenda og fleiri geti haft neikvæð áhrif á upplifun barna á viðburðum. Verkefnið verður sett af stað með formlegum hætti þann 18. júlí í kjölfar blaðamannafundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00.